

Föstudaginn 16. febr. 1934.

Nr. 8/1934. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Bjarna Bjarnasyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Bruggun. Ítrekun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. dezbr. 1933: Kærði, Bjarni Bjarnason, greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella sæti hann í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 40 daga.

Framangreint áfengi og bruggunartæki skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim er greinir í hinum áfrýjaða dómi ber að staðfesta hann og teljist greiðslufrestur sektarinnar frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað. Kærði, Bjarni Bjarnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Sveinbjarnar Jónssonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með áðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Bjarna Bjarnasyni, til heimilis á Lokastíg 14 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögnum nr. 64, 1930.

Málavextir eru þeir, er hér greinir:

Hinn 20. nóv. s. l. gerði lögreglan húsleit á fyrgreindu heimili kærða, eftir ólöglegu áfengi og bruggunartækjum með þeim árangri, að þar fannst glerbrúsi með um 4 l. af spiritus, 6 heilflöskur af áfengisblöndu og bruggunartæki.

Efnarannsóknarstofa ríkisins hefir rannsakað sýnis-horn af áfenginu og reyndist áfengismagnið 36,0% og 68,0% eftir rúmmáli.

Kærður hefir jatað að vera eigandi áfengis þessa og hafa bruggað það sjálfur. Kveðst hann hafa byrjað bruggunina heima hjá sér fyrir 17—18 dögum og þá lagt í 7½ kg. af strausykri og 1 kg. af pressugeri í 50 lítra af vatni. Lét hann þetta gerjast í 10 daga og sauð svo úr áfengi það, sem hjá honum fannst og litið eitt er hann hafði drukkið sjálfur, en hvorki hafi hann selt eða veitt af áfenginu, né ætlað sér að gera það.

Með dómi aukaréttar Reykjavíkur. uppkveðnum 4. marz þ. á. var kærður dæmdur í 8 mánaða betrunarhússvinnu fyrir brot gegn 256. gr. hegningarlaganna og með dómi lögregluréttar Reykjavíkur 6. sept. þ. á., var hann dæmdur í 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn áfengislögnum nr. 64, 1930.

Framangreint brot kærða varðar við 6. gr., sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 64, 1930 og með tilliti til þess, að hér er um ítrekun að ræða þykir refsing hans hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfallt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi og bruggunartæki skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.